

## Ráðningarstyrkir Vinnumálastofnunar

**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 24.02.2021  
**Númer** : 0912025  
**Flokkur** : 381 Vinnumiðlun, Vinnumálastofnun

**Efni** : Ráðningarstyrkur Vinnumálastofnunar auðveldar atvinnurekendum að ráða starfsfólk og fjölga atvinnutækifærum þeirra sem eru án atvinnu. Atvinnurekandi getur fengið 100% grunnatvinnuleysisbætur auk 11,5% framlags í lífeyrissjóð í allt að 6 mánuði greiddar með nýjum starfskrafti eða allt að 342.784kr. í styrk á mánuði. Markmið ráðningarstyrks er að aðstoða atvinnurekendur við að fjölga tækifærum á vinnumarkaði fyrir atvinnuleitendur á skrá hjá Vinnumálastofnun. Með fjárstyrk úr Atvinnuleysistryggingasjóði er atvinnurekendum gert auðveldara fyrir að ráða nýtt starfsfólk um leið og atvinnuleitendur fá tækifæri til komast aftur út á vinnumarkað. Hámarks lengd samnings er 6 mánuðir. <https://vinnumalastofnun.is/atvinnurekandi/radning...> Á fundi fjölskylduráðs þann 12. febrúar s.l. var sviðsstjóra falið að fara í samvinnu við VMST varðandi ráðningarstyrkina. Málið hefur verið rætt á sviðsstjórafundum ásamt bæjarstjóra og áhugi er á að sveitarfélagið taki þátt í verkefninu. Fundað hefur verið með fulltrúum VMST og skipaður hefur verið tengiliður við Hafnarfjarðarbæ. Lagt er til að undirritaður verði samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Vinnumálastofnunar varðandi þátttöku í verkefninu. Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.